

AUGLÝSING

um brottfall auglýsingar nr. 220/1968, um niðurfellingu aðflutningsgjalda af vörum í framhaldsflutningi.

1. gr.

Auglýsing nr. 220/1968, um niðurfellingu aðflutningsgjalda af vörum í framhaldsflutningi, fellur brott.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 145. gr., sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Fjármálaráðuneytinu, 3. apríl 1998.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 215

AUGLÝSING

2. apríl 1998

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Fremri-Torfustaðahrepps, Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Staðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Þorkelshólshrepps og Þverárhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 2. apríl 1998 staðfest sameiningu Fremri-Torfustaðahrepps, Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps, Staðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Þorkelshólshrepps og Þverárhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum sjö sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnirnar sjö hafa veitt samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna umboð til að kjósa þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Í Staðahreppi, Þverárhreppi og Þorkelshólshreppi verði kjördeildir svo sem verið hefur og núverandi kjörstjórnir gegni hlutverki undirkjörstjórna, sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Í Hvammstangahreppi og Kirkjuhvammshreppi verði ein sameiginleg kjördeild á Hvammstanga. Sveitarstjórnir þessara tveggja hreppa velji sameiginlega undirkjörstjórn. Í Fremri-Torfustaðahreppi og Ytri-Torfustaðahreppi verði ein sameiginleg kjördeild á Laugarbakka. Sveitarstjórnir þessara tveggja hreppa velji sameiginlega undirkjörstjórn.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður ákveðið síðar og auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. apríl 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.